

Skrifstofa Mýrdalshrepps
Austurvegi 17
870 Vík

TILLAGA AÐ AÐALSKIPULAGI MÝRDALS 2009-2025 :

Athugasemdir og hugleiðingar

Undirrituð hefur fylgst grannt með ferli ofangreindrar aðalskipulagstillögu með því m.a. að mæta á íbúafundi í Vík í Mýrdal og lesa umfjöllun um málið. Ég tel mig því sæmilega upplýsta.

Leirur Dyrhólaós og votlendið Ósengi má *ekki* rjúfa með þjóðvegi. Þetta er einstök landlagsheild; heildstætt víðerni ásamt með fjölskrúðugu lífrík fugla, plantna og vatnalífvera svo nokkuð sé nefnt.

Sjónræn áhrif á uppbyggðum vegi yfir ósengjarnar yrðu skelfilegt umhverfisslys. Er ekki nóg að gert að girða af útsýni Víkurbúa með sjóvarnarmannvirki, þó Mýrdalurinn verði ekki girtur af líka með grjótgardi?

Í þessu samhengi hefur sveitarstjórn verið bent á, að afar gagnlegt væri að setja upp í tölvumódeli tillöguna að nýju veglínunni, er sýndi íbúum sem og öðrum hagsmunaaðiljum í þrívíddarmódeli hversu viðamikil breyting yrði á umhverfis þess. Ekki var orðið við þeirri beiðni.

Þennan nýja þjóðveg (leiðir 3 og 4) á Ósenginu þyrfti að verja með gríðarmikilli grjótvörn, svo umferð um hann lokaðist ekki þegar lokast fyrir útfall Óssins og hann veður upp á Ósengið. Þetta eykur á kostnað framkvæmdarinnar, sem er lítið getið í greinargerð með aðalskipulaginu. Raunverulegur áætlaður kostnaður við nýjan þjóðveg má því álíta að sé stórlega vanmetinn.

Endurbætur á *núverandi veglínu* er eini *raunhæfi kosturinn* til samgöngubóta í Mýrdal í nánustu framtíð. Ég mótmæli tillögum sveitarstjórnar að svokölluðum veglínunum 3 og 4.

Vonandi opnast augu sveitastjórnar Mýrdals að núverandi lega þjóðvegarins sé raunhæfasti kosturinn til nánustu framtíðar og fari að beita Vegagerðina þrístingi að framkvæma vegabætur á honum. Jafnvel má álykta að einhverjar vegbætur til umferðaöryggis væri búið að framkvæma ef sveitastjórn hafi ekki einblínt svo á nýja veglínu og ekki sinnt sjálfsagði skildu sinni við núverandi veg. Væntanlega heldur Vegagerðin að sér höndum meðan núverandi þjóðvegur er talaður niður.

Ný veglína er sett á aðalskipulagstillöguna *án* samráðs við landeigendur .

Engar rannsóknir á svæðinu styðja nýja veglínu, hvaða óafturkræf áhrif þjóðvegur hefur á samfélagið þar með nytjalönd bænda, fjölskrúðugt lífríki votlendis Dyrhólaós og náttúruminjar.

Það er sorglegt til þess að hugsa að sveitarstjórn Mýrdals hafi ekki borið gæfu til þess að draga til baka hugmyndir um nýjar veglínur þegar ljóst var að engin sátt myndi nást um þær. Í stað þess þumbaðist hún áfram undir hótunum háværs fámenns hóps fólks. Er það ekki eitt af verkefnum sveitastjórnar að lægja ófrið og reyna að skapa sátt og samlyndi í samfélaginu .

Á íbúafundi í Vík í Mýrdal 12.febr. 2009 sagði Gísli Gíslason hjá Landmótun ehf. (verkefnaráðinn skipulagsfulltrúi Mýrdals) „*ekki djúp vísindi bak við þessar veglínur. Strangt tilgetið eru miklu fleiri kostir í stöðunni en þessar veglínur.*“ Hlustaði sveitarstjórn á ráðgjafa sinn ?

Umsögn Vegagerðar ríkisins um aðalskipulagstillöguna dags. 2. júlí 2009 :

- Eitt af markmiðum Vegagerðarinnar er „*Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa*“ segir m.a. í umsögninni.
- **Um hagkvæmni uppbyggingar og rekstur vegakerfisins segir enn fremur „.... eins og fram kemur í frumdrögum Vegagerðarinnar er hægt að gera endurbætur á vegi um Gatnabrún þannig að vel ásættanlegt sé fyrir mun lægri upphæð en jarðgöng um Reynisfjall kosta.“**
- Um umferðaöryggi íbúa og annarra vegfarenda segir „*Vegagerðin telur umferðaöryggi vegfarenda síður tryggt verði Hringvegurinn sunnan byggðarinnar í Vík en ofan hennar. Eigi síðar en við mat á umhverfisáhrifum þarf álit almannaþingarinnar á framlögðum veglínunum að liggja fyrir.*“
- Í lokaorðum umsagnarinnar telur Vegagerðin „*framlagða lausn sveitarfélagsins umferðatæknilega ásættanlega en telur að skoða þurfi betur almannaheill, hagkvæmi og rofvarnir. Vegagerðin telur veg ofan byggðarinnar í Vík á austasta hluta leiðarinnar ódýrari og jafn öruggan kost, þeirri leið má jafnframt áfangaskipta.*“

Skiljanlega vill sveitarstjórn Mýrdalshrepps ekki fórna grasigrónum brekkum ofan þorpsins undir þjóðveg. Sama gildir ekki um Ósengið og ræktunarlönd bænda í Reynishverfi. Þeim má fórna.

Ólíklegt þykir að Vegagerð ríkisins fari út í stórframkvæmd er raskar svo víðfeðmu votlendi. Hvar ætti að endurheimta svo víðfeðmt votlendi í stað Ósengjanna? Er hægt að leggja verðmiða á það mikilvæga votlendi sem þá glatast ? Hverjir yrðu vextirnir til framatíðar ?

Í Umhverfisskýrslu Vegagerðarinnar 2008 af vefnum www.vegagerdin.is

- Meginmarkmið umhverfisstefnu Vegagerðarinnar er góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.
- ...öll skilyrði í mati á umhverfisáhrifum séu uppfyllt og að endurheimt sé votlendi mót röskuðu votlendi í verkum sem fara í mat á umhverfisáhrifum.
- Vegagerðin forðast röskun votlendis sé þess nokkur kostur. Bæði vegna þess að votlendi er almennt óheppilegt vegstæði sem og vegna náttúruverndarsjónarmiða.

Samkvæmt Ramsarsamningnum um votlendi sem Ísland er aðili að, ber aðildarþjóðum að stuðla að verndum votlendis og votlendisfugla. Vegagerðin þarf að taka tillit til þess við endanlega ákvörðum um veglagningu yfir votlendi Ósengjanna.

Umsögn Umhverfisstofnunnar við aðalskipulagstillöguna frá 5. ágúst 2009 bendir á stefnumörkun stjórnvalda til ársins 2020 um velferð til framtíðar, sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi að „Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands“.

Með vísan til þessarar stefnumörkunar eru miklar líkur á að Dyrhólaós og votlendið norður af honum sé lykilvistkerfi og ómetanlegur fjársjóður til framtíðar. Geymd en ekki gleymd náttúruperla.

Skipulagsstofnun sendir Mýrdalshrepp álit sitt dags. 21. okt. 2009.

Þar er farið - á rúmlega átta blaðsíðum - hörðum orðum um tillögu aðalskipulags Mýrdalshrepps. Auðséð að stofnunin telur skipulagsvinnuna slæga. Sem dæmi má nefna eftirfarandi athugasemdir:

- *Hvar á t.d. að taka efni við framkvæmd nýs þjóðvegjar og jarðgöng og hvar á efnislosun að fara fram ?*
- *„Í samræmi við athugasemd hér að framan þarf að skoða hvaða þættir í skipulagsáætluninni geti haft í för með sér veruleg umhverfisáhrif“. „Til frekari skýringar og rökstuðnings telur stofnunin að birta þurfi eða vísa í kort í skipulagsgreinargerð sem sýnir ræktað land, framræst beitarland, útivistarsvæði og ósnortið votlendi ásamt upplýsingum eða samanburði á því hvað mismunandi leiðir hafi mikla skerðingu í för með sér“.*
- *Ennfremur segir „Í niðurstöðutöflum kemur fram að jarðvegisdýpt og áhrif á votlendi séu óviss vegna leiða um og ofan standbeltis Dyrhólaóss. Sú leið sem er valin liggur um strandbelti Dyrhólaóss, þrátt fyrir óvissuna. Að mati Skipulagsstofnunar væri æskilegt að við mat á áhrifum mismunandi veglína liggja fyrir álit Vegagerðarinnar á vegstæðum m.t.t. þess hvar farið er um votlendi s.s. hvort einhver vegtæknileg vandamál kunni að vera til staðar.*
- *Einnig er bent á að skoða áhrif mismunandi leiða á ferðamennsku.“ „Skipulagsstofnun telur á þessu stigi vanti nánari umfjöllun um þá vegkafla á núverandi leið sem þyrfti að lagfæra/bæta m.t.t. umferðaöryggis...“ Jafnframt bendir stofnunin á að gert er lítið út hættu við umferðaöryggi er stafar af ósnum.*
- *Einnig er bent á að ekki sé farið eftir stofnmarkmiðum aðalskipulagsins í umhverfis- og verndunarmálum og samgöngumálum ætti að velja leið sem bætir samgöngur en hefur jafnframt sjónarmið umhverfisverndar að leiðarljósi. „Með hliðsjón af umhverfisvernd ætti að hlífa Dyrhólaósi við raski, sbr. einnig afstöðu Umhverfisstofnunar í umsögn frá 5. ágúst 2009...“.*

Það fer ekki á milli mála að þessi fyrirhugaða framkvæmd mun hafa gífurlegt umhverfisrask í för með sér á votlendi Dyrhólaóss og ómæld verðmæti glatast.

Sjóvarnargarður í höfn er gleðileg frétt er birtist í Sunnlenska Fréttablaði 14.01.10 og Vitanum fréttablaði Mýrdal 19.01.10, þar er haft eftir Sveini Pálssyni sveitarstjóra að „...eitt hundrað miljónir króna hafi fengist á fjárlögum ríkisins á þessu ári til gerðar sjóvarnargarðs í Víkurfjöru.“ Neikvæð ummæli sveitarstjóra í framhaldinu er Sveinn segir „Hinsvegjar er ekki búið að samþykkja aðalskipulag fyrir svæðið, og hefur það dregist talsvert vegna deilna um vegstæði hringvegjarins. Skipulagið er í auglýsingu og vonast Sveinn til að það verði frágengið í vor.“ Af hverju í ósköpunum er sveitastjórn

alltaf að spyrða þessum tveim ólíku málum saman þ.e. lífsnauðsynlegum sjóvarnargarði fyrir byggðina í Vík, sem nú loks hefur fengist fjárveiting til að hefja framkvæmdir og veglínu þjóðveggar yfir votlendi Dyrhólaós og ræktunarlönd bænda? Væri ekki skynsamlegra að vinna strax í undirbúningi framkvæmdaleyfis fyrir sjóvarnargarð með breytingu á núverandi aðalskipulagi, svo enginn töf verði á þeirri nauðsynlegu framkvæmd? Eða er verið að kynda undir ófriði með þessum ummælum?

Árið 2010 er ALÞJÓÐLEGT ÁR LÍFRÆÐILEGRAR FJÖLBREYTNÍ frétt í Bændablaðinu 14. jan. 2010.

„Alþjóðasamtök búvöruframleiðenda (IFAP) hyggjast á þessu ári beina athygli að því lykilhlutverki sem bændur gegna í varðveislu vistkerfa.“ Í sömu grein „... samtökin hyggjast einnig hvetja ríkisstjórnir til að taka upp jákvæða og uppbyggilega stefnu í málinu skv. sáttmála SP um líffræðilega fjölbreytni.“

Þótt framangreind tillaga að aðalskipulagi Mýrdals 2009-2025 sé ófaglega unnin og þær greinagerðir sem henni fylgja s.s. umhverfisskýrsla, þá gerir undirrituð einungis athugasemd við fyrirhugaða nýja veglínu fyrir þjóðveg 1; er nefnist leið 3. Sú tillaga eyðileggur skipulagið í heild sinni og fórnar miklu fyrir litla hagsmuni.

Það vantar rannsóknir og framtíðarsýn í Mýrdal.

Virðingarfyllt



Erla Bil Bjarnardóttir, kt. 130447-3339

eigandi lóðar og bústaðar í Reynisholti